

**Lög fyrir Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni**  
**samþykkt á aðalfundi 15.02.2016**

**1. kafli**

**Nafn og heimili**

- 1.1 Félagið heitir: Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni, skammstafað FaMos.
- 1.2 Heimili félagsins og varnarþing er í Mosfellsbæ og félagssvæði þess er Mosfellsbær og nágrenni.
- 1.3 Félagið er óháð stjórnmalaflokkum og hlutlaust í afstöðu til trúmála.

**2. kafli**

**Hlutverk**

- 2.1 Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna aldraðra, meðal annars með því að:
  - 2.1.1 Stuðla að félagslegu og efnahagslegu öryggi aldraðra.
  - 2.1.2 Vinna að úrbótum í húsnæðismálum aldraðra.
  - 2.1.3 Vinna að uppbyggingu í félagsheimilis- og vinnuaðstöðu fyrir starfsemi félagsins.
  - 2.1.4 Efla þátttöku aldraðra í íþróttum, félags- og tómstundastarfi.
  - 2.1.5 Félagið er aðili að Landssambandi eldri borgara, LEB.

**3. kafli**

**Félagsaðild**

- 3.1 Rétt til að gerast félagi á hver sá sem náð hefur 60 ára aldri og makar félagsmanna þó yngri séu.
- 3.2 Styrktarfélagar geta orðið einstaklingar, félög og fyrirtæki.
- 3.3 Félagi, sem ekki greiðir árgjald á almanaksárinu, skal tekinn af félagaskrá.
- 3.4 Félagið gefur árlega út félagsskírteini. Gildistími skírteina skal vera almanaksárið.

**4. kafli**

**Tekjur félagsins og reikningsár**

- 4.1 Tekjur félagsins eru félagsgjöld, framlög styrktarféлага, styrkir og aðrar tekjur s.s. fjáröflun o.fl.
- 4.2 Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 4.3 Ársreikningur, áritaður af kjörnum skoðunarmönnum og stjórn félagsins, skal lagður fram og skýrður á aðalfundi.

## 5. kafli

### Aðalfundur

- 5.1 Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúar ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu í fjölmiðli og/eða á annan tryggilegan hátt, t.d. tölvupósti, með minnst tíu daga fyrirvara.
- 5.2 Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- 5.3 Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins.
- 5.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.
- 5.5 Dagskrá aðalfundar skal vera:
  - 5.5.1 Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  - 5.5.2 Stjórn félagsins gefur skýrslu um starf félagsins á liðnu ári.
  - 5.5.3 Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
  - 5.5.4 Lagabreytingar.
  - 5.5.5 Ákvörðun árgjalds til félagsins.
  - 5.5.6 Kosning stjórnar og varamanna samkvæmt 6. kafla.
  - 5.5.7 Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara til eins árs.
  - 5.5.8 Kosning fulltrúa á landsfund LEB það ár sem fundurinn er haldinn.
  - 5.5.9 Önnur mál.

## 6. kafli

### Félagsstjórn

- 6.1. Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og 2 til vara. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Formaður stjórnar er kosinn sérstaklega. Tveir stjórnarmenn eru kjörnir ár hvert og formaður á tveggja ára fresti. Varamenn eru kjörnir til eins árs í senn. Enginn sitji lengur en 4 ár samfleytt sem aðalmaður í stjórn félagsins. Ef stjórnarmaður er kosinn formaður getur hann gegnt formennsku í tvö kjörtímabil, eða 4 ár, og hefur fyrri stjórnarseta ekki áhrif þar á.
- 6.2 Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skal stjórnin skipta með sér verkum og velja úr hópi aðalmanna í stöður varaformanns, ritara og gjaldkera auk eins meðstjórnanda. Á þessum fundi skal ákveðið í hvaða röð varamenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanns.
- 6.3 Óski stjórnarmaður á fyrri hluta kjörtímabils eftir því að láta af stjórnarstörfum, eða getur ekki sinnt stjórnarstörfum af öðrum orsökum, skal varamaður taka sæti aðalmanns til næsta aðalfundar, en þá skal kjósa nýjan stjórnarmann út kjörtímabilið. Þetta ár, sem þarna um ræðir, telst ekki til samfelldrar 4 ára stjórnarsetu samkvæmt grein 6.1.
- 6.4 Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjármálum félagsins og skuldbindur það gagnvart þriðja aðila.
- 6.5 Stjórnarfund skal formaður boða með tryggilegum hætti.

Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanns.

Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

- 6.6 Stjórn félagsins boðar til almenns félagsfundar þegar henni þykir þurfa. Félagsfundi skal boða með minnst 5 sólarhringa fyrirvara á tryggilegan hátt.
- 6.7 Ef minnst 30 félagsmenn óska eftir að boðað verði til almenns félagsfundar um tiltekið eða tiltekin málefni, er stjórninni skylt að verða við því. Til slíks fundar skal boðað með sama fyrirvara og gildir um aðalfund og skal fundarefnis getið í fundarboði. Óheimilt er að taka til umræði önnur mál en tilgreind eru í fundarboði.

## 7. kafli

### Breytingar á lögum

- 7.1 Tillögur til breytinga á lögum þessum skulu lagðar fyrir aðalfund og skal þess getið og tillögurnar fylgja fundarboði.
- 7.2 Lögum þessum verður þó aðeins breytt að 2/3 hlutar félagsmanna, sem mættir eru á löglega boðuðum aðalfundi, samþykki.

## 8. kafli

### Félagsslit

- 8.1 Komi fram tillaga um að félaginu verði slitið, skal tillagan sæta sömu meðferðar og tillaga til breytinga á lögum.
- 8.2 Nái slík tillaga fram að ganga á aðalfundi skal boðað til sérstaks félagsslitafundar innan tveggja til þriggja mánaða og skulu eigur félagsins renna til styrktar almennra hagsmunamála aldraðra, sem félagsslitafundur ákveður. Fundargerðabækur skulu afhentar Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Lögin þannig samþykkt á aðalfundi FaMos, 15. febrúar 2016.  
Jafnframt falla úr gildi eldri lög félagsins.

Magnús Sigsteinsson (sign.)  
fundarstjóri

Jón Þórður Jónsson (sign.)  
fundarritari